

AFKOMA ARION BANKA ÁRIÐ 2015

Afkoma Arion banka á árinu 2015 ber þess merki að til lykta voru leidd nokkur umfangsmikil úrlausnarmál sem vörðuðu mikla hagsmuni fyrir bankann. Fyrst og fremst er um að ræða sölu bankans á hlutum í fimm félögum: Reitum fasteignafélagi hf., Eik fasteignafélagi hf., Símanum hf., alþjóðlega drykkjarframleiðandanum Refresco Gerber og Bakkavor Group Ltd. Öll voru félögin skráð í kauphöll hér á landi eða erlendis, nema eignarhluturinn í Bakkavor Group sem var seldur í kjölfar sölufelis í umsjón Barclays bankans. Þannig nam hagnaður Arion banka á árinu 2015 49,7 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 28,7 milljarða króna á árinu 2014. Arðsemi eigin fjár var 28,1% samanborið við 18,6% árið 2014.

Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 16,8 milljörðum króna samanborið við 12,7 milljarða árið 2014. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 10,4% á árinu samanborið við 10,7% árið 2014. Heildareignir námu í árslok 2015 1.011,0 milljörðum króna samanborið við 933,7 milljarða króna í árslok 2014 og eigið fé hluthafa bankans nam 192,8 milljörðum króna í árslok og hafði hækkað um 20% milli ára.

Hagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 24,3 milljörðum króna og eykst verulega milli ára. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til virðishækkunarinnar á eignarhluta í Bakkavor Group Ltd.

Umtalsverðar virðisbreytingar urðu á lánabók bankans á árinu. Niðurfærslur tengjast að mestu lánnum til erlendra félaga í þjónustu tengdri olíuleit og lánnum sem bankinn yfirtók frá AFL – sparisjóði á árinu. Hækkunir tengjast að mestu uppgreiðslu lána, bæði einstaklinga í tengslum við leiðréttingu ríkisstjórnarinnar og fyrirtækja í tengslum við endurskipulagningu og sölu.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok ársins 2015 var 24,2% en var 26,3% í árslok 2014. Lækkunin er einkum tilkomin vegna arðgreiðslu að fjárhæð 12,8 milljarðar króna og fyrirframgreiðslu á víkjandi lánnum frá ríkinu að fjárhæð 20 milljarðar króna. Hlutfall eiginfjárbáttar A hækkaði og nam 23,4% samanborið við 21,8% í árslok 2014.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi, samanborið við fyrra ár:

Rekstrarreikningur

<i>Í milljónum króna</i>	2015	2014	4F 2015	4F 2014
Hreinar vaxtatekjur	26.992	24.220	6.705	5.911
Hreinar þóknatekjur	14.484	13.309	3.758	3.190
Hreinar fjármunatekjur	12.844	7.290	2.668	1.429
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna	29.466	3.498	22.510	3.525
Aðrar rekstrartekjur	2.769	5.673	537	1.683
Rekstrartekjur	86.555	53.990	36.178	15.738
Laun og launatengd gjöld	(14.892)	(13.979)	(4.572)	(3.953)
Annar rekstrarkostnaður	(13.304)	(13.063)	(4.288)	(4.465)
Bankaskattur	(2.818)	(2.643)	(650)	(635)
Hrein virðisbreyting	(3.087)	2.135	(2.973)	(742)
Hagnaður fyrir skatta	52.454	26.440	23.695	5.943
Tekjuskattur	(3.135)	(4.679)	504	(223)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	360	6.833	83	241
Hagnaður tímabilsins	49.679	28.594	24.282	5.961

Helstu kennitölur

Arðsemi eigin fjár	28,1%	18,6%	51,6%	14,8%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,0%	2,8%	2,9%	2,8%
Kostnaðarhlutfall	32,6%	50,1%	24,5%	53,5%
Tier 1 hlutfall	23,4%	21,8%	23,4%	21,8%



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA:

„Afkoma ársins er afar góð en markast mjög af óreglulegum liðum. Árið 2015 markar ákveðin kaflaskil í starfsemi Arion banka því á árinu voru nokkur umfangsmikil úrlausnarverkefni leidd til lykta. Verkefni sem unnið hefur verið að innan bankans um nokkurra ára skeið. Annars vegar er um að ræða sölu Arion banka á hlutum í þremur íslenskum félögum í aðdraga skráningar þeirra í kauphöll og hins vegar sölu á eignarhlutum í tveimur erlendum félögum. Niðurstaða þessara mála hefur afar jákvæð áhrif á uppgjör ársins. Í raun eru lok þessara mála mikill áfangi fyrir bankann því nú er öllum stærstu úrlausnarmálunum lokið.

Skráningar Reita fasteignafélags, Eikar fasteignafélags og Símans í kauphöll, sem voru í umsjón Arion banka og fóru fram að loknu almennu hlutafjárútboði, voru einu nýskráningarnar í kauphöll hér á landi á síðasta ári. Það hefur verið stefna Arion banka að stuðla að skráningu félaga í Kauphöll og gefa þannig almenningi kost á að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífs og virks hlutabréfamarkaðar.

Grunnstarfsemi bankans hélt áfram að eflast á árinu og styrkti bankinn sína stöðu á öllum helstu mörkuðum. Góður vöxtur var í eignastýringu bankans sem og lánnum til fyrirtækja. Arion banki vann á árinu samkeppni um fjármálaþjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og mun hefja þar starfsemi með vorinu. Það er virkilega spennandi verkefni ekki síst í ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna hér á landi. Þetta var um margt óvenju viðburðarríkt ár og fór svo að fagtímaritið The Banker, sem er gefið út af The Financial Times, valdi Arion banka sem banka ársins á Íslandi.

Við sáum á árinu talsverða þróun og árangur hjá nýsköpunarfyrirtækjum sem hafa farið í gegnum Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík. Aðgengi að áhættufjármagni hefur batnað til muna og í heildina hafa þau 54 fyrirtæki sem bankinn hefur fjárfest í aflað rúmlega 1.700 milljóna króna. Tveir þriðju þeirrar upphæðar eru í formi hlutafjár og einn þriðji í formi styrkja. Þetta er að okkar mati til marks um afar ánægjulega og mikilvæga þróun í umhverfi nýsköpunarfyrirtækja hér á landi.

Verkefni okkar á undanförunum árum hefur verið að byggja upp góðan banka sem veitir sínum viðskiptavinum góða fjármálaþjónustu með ábyrgum hætti. Banka sem er fjárhagslega sterkur, í stakk búinn að takast á við afnám fjármagnshafta og eftirsóknarverður fjárfestingarkostur. Okkur hefur miðað vel í þessum eignum. Nú í upphafi árs var tilkynnt um samning Arion banka og Kaupþings sem tekur til endurfjármögnunar bankans og er liður í því að uppfylla stöðugleikaskilyrði ríkisstjórnarinnar vegna afnáms fjármagnshafta. Einnig förum við ekki varhluta af áhuga á sölufarli bankans sem stendur fyrir dyrum. Það eru áhugaverðir tímar framundan.“

FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 25. febrúar, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á ir@arionbanki.is og fá í kjölfarið sendar innhringiupplýsingar.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiddsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

Árið 2015 einkenndist af úrlausnum og lokum ýmissa mikilvægra mála í rekstri bankans.

- Í mars var drykkjarvöruvyrirtækið Refresco Gerber skráð á Euronext markaðinn í Amsterdam. Arion banka samstæðan átti í beinu og óbeinu eignarhaldi ríflega 9% eignarhlut í félaginu og var um helmingur af þeirri eign seldur við skráninguna. Hagnaður af sölunni og virðisbreyting eftirstandandi eignarhlutar í tengslum við skráninguna nam 6.306 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi.
- Í mars varð Arion banki fyrsti íslenski bankinn frá árinu 2008 til að gefa út skuldabréf í evrum til breiðs hóps fjárfesta á alþjóðlegum markaði. Útgáfan nam 300 milljónum evra til þriggja ára, eða sem samsvarar 47 milljörðum króna og voru kaupendur um 100 alþjóðlegir fjárfestar. Eftirspurn var umtalsverð umfram framboð.
- Í byrjun apríl voru Reitir fasteignafélag hf. skráðir á Nasdaq Ísland. Arion banki hafði umsjón með skráningunni og seldi jafnframt umtalsverðan hlut af sínum eignarhluta í félaginu í almennu útboði. Samtals voru rekstraráhrif af sölu eignarhlutarins og virðisbreyting eftirstandandi hlutar 4.224 milljónir króna á fyrri helmingi ársins.
- Fasteignafélagið Eik hf. var skráð á Nasdaq Ísland í lok apríl. Arion banki hafði umsjón með skráningunni og seldi jafnframt um 14% eignarhlut sinn í félaginu í almennu útboði á sama tíma. Söluhagnaður nam ríflega 600 milljónum króna.
- Í apríl greiddi Arion banki 12,8 milljarða króna í arð til hluthafa sinna.
- Arion banki nýtti nýja fjármögnun í evrum að hluta til að greiða niður víkjandi lán frá ríkissjóði en samtals voru greiddir um 20 milljarðar króna fyrirfram inn á lánin. Kjör bréfanna hækkðu í ársbyrjun 2015 sem var einn helsti hvati til niðurgreiðslu.
- Á árinu eignaðist Arion banki allt stofnfé í AFL - sparissjóði og á haustmánuðum sameinaðist sjóðurinn Arion banka. Opnað var nýtt útibú Arion banka á Siglufirði og starfsemin á svæðinu eflað.
- Í október var Síminn hf. skráður á Nasdaq Ísland. Í aðdraganda skráningar seldi Arion banki um 10% eignarhlut í félaginu og um 20% til viðbótar í almennu útboði í tengslum við skráninguna. Arion banki hafði umsjón með skráningunni. Rekstraráhrif af sölunni og virðisbreytingu eftirstandandi hlutar var 4.185 milljónir króna á árinu.
- Á árinu var unnið markvisst að sölu á 46% eignarhlut dótturfélagsins BG12 slhf. í Bakkavor Group Ltd. í samvinnu við aðra hluthafa félagsins. Í byrjun árs 2016 var eignarhluturinn seldur og var virði eignarhlutarins í árslok 2015 færður til samræmis við söluverðið. Virðisbreyting eignarhlutar BG12 nam samtals 20.845 milljónum króna á árinu, en Arion banki á 62% eignarhlut í BG12 slhf.
- Á árinu hélt Arion banki áfram að gefa út sértryggð skuldabréf í samræmi við lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Samtals gaf bankinn út sértryggð bréf fyrir 23,6 milljarða króna á árinu. Viðskiptavakt var aukin með samningum við þrjá viðskiptavaka til að auka seljanleika bréfanna og virkni á markaði.
- Aukin áhersla var lögð á lausafjárstýringu hjá bankanum sem skilaði sér m.a. í hærri vaxtamun en var á árinu 2014.
- Gæði lánabókar bankans héldu áfram að batna á árinu 2015. Hlutfall vandræðalána, sem skilgreind eru sem lán í vanskilum lengur en 90 daga auk lána sem eru með sértæka niðurfærslu, lækkaði úr 4,4% í árslok 2014 í 2,5% í árslok 2015. Umtalsverðar virðisbreytingar urðu á útlánum á árinu 2015 samanborið við fyrra ár. Virðishækkanir voru í tengslum við uppgreiðslu lána, bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Niðurfærslur voru hins vegar bæði vegna yfirtöku á lánasafni AFL – sparissjóðs og vegna útlána til erlendra þjónustufyrirtækja sem tengd eru olíuleit. Heildarumfang lána til þessara þjónustufyrirtækja nemur innan við 1% af heildarlánum bankans og hefur verið færð viðeigandi varúðarniðurfærsla vegna þeirra.
- Á miðju ári kynnti ríkisstjórnin áætlun um afnám fjármagnshafta, sem hafa verið í gildi frá árinu 2008. Í framhaldi voru kynntar áætlanir slitabúanna um stöðugleikaframlög þar sem Arion banki gegndi lykilhlutverki í framlagi slitabús Kaupþings ehf. Arion banki undirbjó þessar væntu breytingar vel á árinu 2015 og var gengið frá samningum við Kaupþing í ársbyrjun 2016 sem munu tryggja langtímahagsmuni bankans varðandi fjármögnun í erlendum gjaldeyri til næstu ára.
- Á árinu var gengið frá samningum um kaup á meirihluta í tryggingafélaginu Verði hf. Kaupin eru háð samþykki eftirlitsaðila en búist er við að gengið verði frá þeim á næstu mánuðum.



REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrarreikningur

<i>Í milljónum króna</i>	2015	2014	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	26.992	24.220	2.772	11%
Hreinar þóknanatekjur	14.484	13.309	1.175	9%
Hreinar fjármunatekjur	12.844	7.290	5.554	76%
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	29.466	3.498	25.968	742%
Aðrar rekstrartekjur	2.769	5.673	(2.904)	-51%
Rekstrartekjur	86.555	53.990	32.565	60%
Laun og launatengd gjöld	(14.892)	(13.979)	(913)	7%
Annar rekstrarkostnaður	(13.304)	(13.063)	(241)	2%
Bankaskattur	(2.818)	(2.643)	(175)	7%
Hrein virðisbreyting	(3.087)	2.135	(5.222)	-
Hagnaður fyrir skatta	52.454	26.440	26.014	98%
Tekjuskattur	(3.135)	(4.679)	1.544	-33%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	49.319	21.761	27.558	127%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	360	6.833	(6.473)	-
Hagnaður ársins	49.679	28.594	21.085	74%

Rekstrartekjur hækka verulega á milli ára eða um 60%. Hækkunin er að stórum hluta tilkomin vegna 26,0 milljarða króna hækkunar á hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi og 5,6 milljarða króna hækkun á hreinum fjármunatekjum.

Hreinar vaxtatekjur hækka um 11% milli ára og vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna hækkar úr 2,8% árið 2014 í 3,0% á árinu 2015. Aukinn vaxtamunur skýrist að talsverðu leyti af hærri verðbólgu árið 2015 en 2014 en einnig skýrist hann af aukinni áherslu á lausafjárstyrkingu bankans.

Hreinar þóknanatekjur aukast um 9% milli ára, en aukningin er að mestu tilkomin vegna hærri þóknanatekna af greiðslukortum og í eignastýringu. Áhersla bankans á auknar þóknanatekjur á liðnum árum er að skila sér á flestum sviðum. Um 80% af hreinum þóknanatekjum eru frá fyrirtækjum.

Hreinar fjármunatekjur hækkuðu mikið milli ára eða um 5.554 milljónir króna. Vegur þar þýngst virðishækkun á beinum og óbeinum 9,3% eignarhlut í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Gerber í tengslum við skráningu félagsins á hlutabréfamarkað í lok mars. Almennt var ávöxtun hlutabréfa góð á árinu en óveruleg verðbreyting varð á skuldabréfum. Þá varð gengistap af mynt 182 milljónir króna á árinu en 2014 varð hagnaður af mynt um 813 milljónir króna. Þessi breyting vegur nokkuð á móti hagstæðri þróun á verðbréfamarkaði á árinu.

Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi jókst verulega milli ára. Á árinu 2015 voru tvö félög, sem bankinn átti umtalsverða eignarhluti í, skráð á markað. Þetta voru Reitir fasteignafélag hf. og Síminn hf., en bankinn hafði umsjón með skráningu félaganna í kauphöll og seldi í tengslum við það eignarhluti í félögum. Á árinu var einnig unnið að sölu á 46% eignarhlut dótturfélagsins BG12 slhf. í Bakkavor Group Ltd. í samvinnu við aðra hluthafa félagsins. Í byrjun árs 2016 var allur sá eignarhluti seldur og endurspeglast söluverðið í verulegri virðishækkun á hlutnum í árslok. Samtals skilar sala á eignarhlutum í þessum félögum og virðisbreytingar 29,3 milljörðum króna í hagnað á árinu 2015.

Aðrar rekstrartekjur lækka nokkuð milli ára, sem má rekja til sölu á fasteignafélaginu Landfestum hf. út úr samstæðunni á árinu 2014.

Rekstrarkostnaður ársins 2015 nam samtals 28.196 milljónum króna. Kostnaðarhlutfall lækkar í 32,6% en var 50,1% árið 2014. Þessi mikla lækkun skýrist alfarið af háum tekjum af virðisbreytingum hlutabréfa og eignasölu og gefur á engan hátt til kynna væntingar um sambærilegt hlutfall til framtíðar. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,9% og er það sama hlutfall og 2014.

Laun og launatengd gjöld námu 14.892 milljónum króna á árinu 2015 og hækkuðu um 7% frá árinu 2014. Stöðugildi samstæðunnar voru að meðaltali 1.139 sem er aukning um 11 stöðugildi frá árinu 2014. Reiknuð hækkun meðallauna er ríflega 6% sem er nokkuð undir hækkun á meðalstöðu launavísitölu milli ára.



Bankaskattur nam 2.818 milljónum króna samanborið við 2.643 milljónir króna árið 2014 og breytist í takt við stækkandi efnahag bankans.

Hrein virðisbreyting var neikvæð sem nemur 3.087 milljónum króna. Umtalsverðar virðishækkunarir urðu á lánum til fyrirtækja í kjölfar endurskipulagningar og sömuleiðis vegna uppgreiðslu lána. Virðishækkun varð einnig nokkur á húsnæðislánum til einstaklinga í kjölfar leiðréttingar ríkisstjórnarinnar í upphafi árs 2015. Hins vegar varð veruleg virðislækkun á lánum hjá AFL – sparisjóði, bæði til einstaklinga og smærri fyrirtækja, eftir yfirtöku og yfirferð á því lánasafni. Þá var færð veruleg varúðarniðurfærsla á lán til erlendra fyrirtækja í þjónustustarfsemi tengdri olíuleit í kjölfar erfiðleika á þessum markaði.

Tekjuskattur nam 3.135 milljónum króna samanborið við 4.679 milljónir króna árið 2014. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er aðeins 6% á árinu 2015 samanborið við 17,7% árið 2014. Lágtekjuskattshlutfall á árinu skýrist einkum af óskattskyldum tekjum sem tilkomnar eru vegna hagnaðar og virðisbreytinga af hlutabréfæign, sem ekki eru skattskyldar hjá fyrirtækjum.

Regluleg starfsemi Arion banka gengur vel. Eins og fram hefur komið hér að framan einkenndist árið af óreglulegum tekjum en þróun reglulegra tekna af bankastarfsemi, svo sem vöxtum og þóknunum var góð. Þóknunatekjur hafa vaxið á öllum sviðum bankans og áherslur á lausafjárstyringu skila sér vel í hreinum vaxtatekjum. Þegar horft er til reglulegrar starfsemi leiðréttir Arion banki afkomu sína fyrir söluhagnaði og virðisbreytingum af yfirteknum hlutabréfastöðum, tímabundnum bankaskatti, áhrifum dótturfélaga sem eru í óskyldum rekstri og virðisbreytingum útlána að nokkru marki. Að teknu tilliti til ofangreinds lækkar afkoma ársins um samtals 32.893 milljónir króna, niður í 16.786 milljónir króna. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 10,4% samanborið við 10,7% árið 2014, sem er vel ásættanlegt þar sem eigið fé hækkar verulega. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 53,5% árið 2015 en var 57,3% á árinu 2014 og lækkar einkum vegna hærri rekstrartekna.

Afkoma fjórða ársfjórðungs markaðist mjög af virðisbreytingu á eignarhlutum í Bakkavor Group Ltd., vegna sölu í upphafi árs 2016 á hlutum í félaginu sem voru í eigu dótturfélags bankans, virðishækkun á hlutum í Símanum í tengslum við skráningu félagsins og virðisrýrnun útlána til erlendra félaga í þjónustustarfsemi tengdri olíuleit. Launakostnaður lækkar nokkuð, m.a. vegna fjölgunar starfsmanna í dótturfélögum en annar rekstarkostnaður lækkar milli ára á fjórða fjórðungi.

<i>Í milljónum króna</i>	4F 2015	4F 2014	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	6.705	5.911	794	13%
Hreinar þóknunatekjur	3.758	3.190	568	18%
Hreinar fjármunatekjur	2.668	1.429	1.239	87%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag	22.510	3.525	18.985	539%
Aðrar rekstrartekjur	537	1.683	(1.146)	-68%
Rekstrartekjur	36.178	15.738	20.440	130%
Laun og launatengd gjöld	(4.572)	(3.953)	(619)	16%
Annar rekstrarkostnaður	(4.288)	(4.465)	177	(4%)
Bankaskattur	(650)	(635)	(15)	2%
Hrein virðisbreyting	(2.973)	(742)	(2.231)	301%
Hagnaður fyrir skatta	23.695	5.943	17.752	299%
Tekjuskattur	504	(223)	727	-326%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	24.199	5.720	18.479	323%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	83	241	(158)	-66%
Hagnaður tímabilsins	24.282	5.961	18.321	307%



EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir samstæðu Arion banka aukast nokkuð milli ára eða um 8%. Helstu breytingar má rekja til aukningar útlána, verðbréfaeignar og eignarhluta í hlutdeildarfélögum en á móti lækka lán til lánastofnana nokkuð.

Eignir

<i>Í milljónum króna</i>	31.12.2015	31.12.2014	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	48.102	21.063	128%
Lán til lánastofnana	87.491	108.792	(20%)
Lán til viðskiptavina	680.350	647.508	5%
Verðbréfaeign	133.191	101.828	31%
Fjárfestingareignir	7.542	6.842	10%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	27.299	21.966	24%
Óefnislegar eignir	9.285	9.596	(3%)
Aðrar eignir	17.784	16.142	10%
Eignir samtals	1.011.043	933.736	8%

Lán til viðskiptavina námu 680.350 milljónum króna í árslok og hækka um 5% frá fyrra ári. Lán til fyrirtækja hafa aukist umtalsvert á árinu, í takt við aukin umsvif í efnahagslífi landsins. Þessi nýju lán eru einkum til fasteignaframkvæmda og flutninga- og ferðaþjónustu en eftirspurn eftir lánsfé hefur aukist umtalsvert á síðustu misserum. Lán til einstaklinga hafa lækkað nokkuð milli ára og er það einkum vegna leiðréttingar ríkisins snemma á árinu. Aukning var á nýjum útlánnum til einstaklinga eftir því sem leið á árið 2015, bæði á lánnum til íbúðakaupa og ekki síður á lánnum til bíla- og tækjakaupa, en umtalsverður vöxtur hefur verið í þeirri starfsemi hjá bankanum á síðustu árum.

Þegar horft er til gæða útlánasafns bankans eru ýmsir mælikvarðar notaðir. Þeir tveir sem bankinn hefur helst horft til eru annars vegar hlutfall vandræðalána, sem skilgreind eru sem hlutfall bókfærðs virðis lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu af heildarlánasafni bankans til viðskiptavina. Hlutfall vandræðalána í árslok 2015 var 2,5% en var 4,4% í árslok 2014. Hins vegar horfir bankinn til hlutfalls lána bankans sem hafa verið niðurfærð. Það hlutfall var í árslok 4,9% en í árslok 2014 var hlutfallið 7,0%.

Verðbréfaeign nam 133.191 milljónum króna í árslok, eykst um tæplega þriðjung milli ára. Breytingu ársins má annars vegar rekja til hækkunar á skuldabréfaeign, sem einkum tengist aukinni áherslu á lausafjárstýringu, og hins vegar til hækkunar á hlutabréfastöðum, sem hækka m.a. vegna skráningar og sölu félaga sem áður voru flokkuð sem hlutdeildarfélög í bókum bankans en bankinn á nú minni eignarhluti í og flokkast þá eignin sem verðbréfaeign.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum aukast um 24% milli ára, þrátt fyrir að umtalsverðir eignarhlutir í Reitum fasteignafélagi hf. og Símanum hf. hafi verið seldir á árinu 2015. En 20,8 milljarða króna virðisbreyting á eignarhluta í Bakkavor Group Ltd. í aðdraganda sölu í janúar 2016 hækkar stöðuna verulega.

Skuldir samstæðu Arion banka hækka nokkuð milli ára og er það einkum ný lántaka sem skýrir þá hækkun. **Eigið fé og minnihluti** hækka einnig verulega, einkum vegna góðrar afkomu ársins.

Skuldir og eigið fé

<i>Í milljónum króna</i>	31.12.2015	31.12.2014	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	11.387	22.876	(50%)
Innlán frá viðskiptavinum	469.347	454.973	3%
Fjárskuldir á gangvirkni	7.609	9.143	(17%)
Aðrar skuldir	54.383	52.313	4%
Lántaka	256.058	200.580	28%
Víkjandi skuldir	10.365	31.639	(67%)
Eigið fé hluthafa	192.786	160.711	20%
Minnihluti	9.108	1.501	507%
Skuldir og eigið fé samtals	1.011.043	933.736	8%



Lántaka bankans nam 256.058 milljónum króna í árslok og hefur hækkað um 28% frá fyrra ári. Arion banki hélt áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sem eru tryggð í samræmi við lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Samtals voru gefin út sértryggð skuldabréf fyrir 23,6 milljarða króna á árinu. Á árinu voru einnig gefin út óveðtryggð skuldabréf í evrum upp á 300 milljónir evra eða sem nam um 45 milljörðum króna. Skuldabréfin eru til þriggja ára og voru seld til um 100 alþjóðlegra fjárfesta. Um var að ræða fyrstu útgáfu íslensks banka í evrum til breiðs hóps fjárfesta og jafnframt stærstu einstöku skuldabréfútgáfuna frá árinu 2008. Markaði hún þannig þáttaskil hvað varðar aðgengi íslensks banka að erlendum skuldabréfa- og lánsfjármörkuðum. Þá gaf bankinn einnig út á árinu skuldabréf í norskum krónum að fjárhæð 800 milljónir norskra króna í tveimur hlutum, sem samsvarar um 13 milljörðum króna, en sú útgáfa er til fimm ára. Fjárfestar þessara bréfa voru frá Norðurlöndunum og frá meginlandi Evrópu. Sú útgáfa var að hluta til notuð til endurgreiðslu á óhagstæðari útgáfu í norskum krónum frá árinu 2013, sem bankinn hefur nú keypt til baka um tvo þriðju af, en lokagjalddagi er í mars 2016.

Víkjandi skuldir bankans námu 10.365 milljónum króna í árslok 2015 og hafa lækkað um ríflega tvo þriðju á árinu. Breytingin er tilkomin vegna niðurgreiðslu upp á um 20 milljarða króna, þar sem hluti nýrrar skuldabréfaútgáfu var nýttur til greiðslu víkjandi skuldar við íslenska ríkið. Kjör víkjandi skulda hækkuðu í byrjun árs 2015, skv. skilmálum, eða úr 4% í 5% álag ofan á LIBOR. Við það myndaðist enn frekari hvati til niðurgreiðslu og unnið verður að uppgreiðslu skuldarinnar eins fljótt og aðstæður leyfa.

Eigið fé hluthafa bankans nam 192.786 milljónum króna í lok árs 2015 samanborið við 160.711 milljónir króna í lok árs 2014. Hækkunin skýrist að mestu af afkomu ársins að teknu tilliti til aðgreiðslu í apríl sem nam 12,8 milljörðum króna. Hlutfall eiginfjárbáttar A hjá bankanum nam 23,4% í árslok 2015 samanborið við 21,8% í árslok 2014.



KENNITÖLUR

	2015	2014
Arðsemi eigin fjár	28,1%	18,6%
Arðsemi eigna	5,0%	3,0%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,0%	2,8%
Vaxtamunur á heildareignir	2,7%	2,6%
Kostnaðarhlutfall	32,6%	50,1%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,9%	2,9%
Virkur tekjuskattur	5,7%	16,1%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	24,2%	26,3%
Tier 1 hlutfall	23,4%	21,8%
Vandræðalán	2,5%	4,4%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	79,9%	74,5%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	145,0%	142,3%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.139	1.128
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.147	1.120
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	885	890
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	876	865

FJÁRHAGSDAGATAL 2016

Aðalfundur Arion banka hf. verður haldinn 17. mars 2016

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 1F 2016 11. maí 2016

Árshlutauppgjör 2F 2016 31. ágúst 2016

Árshlutauppgjör 3F 2016 16. nóvember 2016

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.